



# ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnarinnar frá 24. febrúar 2023, 1.–4. gr.

<b>Málsheiti og nr.</b>	Áform um breytingu á almennum hegningarlögum (vændiskaup) – DMR26050204.
<b>Ráðuneyti /verkefnisstjóri</b>	Dómsmálaráðuneyti.
<b>Innleiðing EES-gerðar?</b>	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
<b>Dags.</b>	8. júní 2026.

## A. Úrlausnarefni

### 1. Forsaga máls og tilefni.

Kaup á vændi hafa varðað refsingu í íslenskum rétti frá gildistöku laga nr. 54/2009 um breytingu á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með síðari breytingum. Breytingarnar voru gerðar að samskiptum fyrirmynd með það að markmiði að draga úr eftirspurn eftir vændi. Með þeim bættust tvær nýjar málsgreinar, 1. og 2. mgr., við 206. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 en þær hljóða svo:

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi skal sæta sektum eða fangelsi allt að 1 ári.

Hver sem greiðir eða heitir greiðslu eða annars konar endurgjaldi fyrir vændi barns undir 18 ára aldri skal sæta sektum eða fangelsi allt að 2 árum.

Ekki hefur tekist að uppræta vændi hér á landi og telur lögregla það að mestu drifið áfram af skipulagðri glæpastarfsemi. Grunur er um að stór hluti þeirra kvenna sem auglýstar eru í vændi séu þolendur mansals.

Að mati dómsmálaráðherra er tilefni til að endurskoða refsiramma 1. og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga út frá þeim tilgangi ákvæðanna að draga úr eftirspurn eftir vændi, þar sem vændiskaup varða sektum í framkvæmd nema um ítrekuð brot sé að ræða. Í Svíþjóð var sekt afnumin sem viðurlagategund vændiskaupabrota með breytingum á sænskum hegningarlögum þann 3. júní 2025.

### 2. Hvert er úrlausnarefnið?

Úrlausnarefnið er endurskoðun á refsiramma 1. og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga út frá þeim tilgangi ákvæðanna að draga úr eftirspurn eftir vændi, sem einnar tegundar skipulagðrar glæpastarfsemi.

### 3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Með vísan til þess sem að ofan greinir telst núverandi refsiramma ekki duga í baráttunni við vændi sem eina tegund skipulagðrar glæpastarfsemi.

## B. Markmið

### 1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki.

Í stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins frá 21. desember 2024 kemur fram að ríkistjórnin muni taka fast á skipulagðri glæpastarfsemi, mansali og kynbundnu ofbeldi, auk þess að leggja áherslu á jafna stöðu og jöfn réttindi allra. Endurskoðun 1. og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga er liður í að fylgja þeirri stefnu eftir.

**2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda.**  
Að draga úr eftirspurn eftir vændi, mansali í kynferðislegum tilgangi og skipulagðri glæpastarfsemi.

### C. Leiðir

**1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?**

Ástand yrði óbreytt. Kaupendur vændis fengju áfram fjársekt fyrir fyrstu brot.

**2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.**

Ekki er um önnur úrræði að ræða en breytingu á lögum við endurskoðun refsiramma ákvæðanna.

**3. Mögulegar leiðir við lagasetningu.**

Við endurskoðun refsirammans verður litið til löggjafar hinna Norðurlandanna og eftir atvikum dómaframkvæmdar.

### D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

**1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.**

Ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvaða leið verður fyrir valinu en sérstaklega verður litið til Norðurlandanna og þeirra leiða sem farnar hafa verið þar við lagasetningu á þessu sviði.

**2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott.**

Á þessu stigi eru einungis fyrirhugaðar breytingar á 1. og 2. mgr. 206. gr. almennra hegningarlaga.

### E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

**1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?**

Mælst er til þess að ríki beiti öllum tiltækum ráðum í baráttunni gegn vændi og mansali með einum eða öðrum hætti í fjölda þjóðréttarsamninga. Samkvæmt 6. gr. *Samnings Sameinuðu þjóðanna um afnám allrar mismununar gagnvart konum* skulu aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir, þ. á m. með lagasetningu, til að hamla gegn hvers konar verslun með konur og gróðastarfsemi tengdri vændi kvenna. Ísland hefur lögfest *valfrjálsa bókun frá 25. maí 2000 við Samninginn um réttindi barnsins* um sölu á börnum, barnavæandi og barnaklám. Þá kemur fram í 6. gr. *Evrópuráðssamnings um aðgerðir gegn mansali* að hver samningsaðili skuli leitast við að draga úr þeirri eftirspurn sem stuðlar að hvers kyns misneytingu sem leiðir til mansals með því að efla aðgerðir á sviði löggjafar.

**2. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu?**

Nei.

**3. Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?**

Nei.

### F. Samráð

**1. Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?**

Almenningur hefur hagsmuni af baráttunni gegn skipulagðri brotastarfsemi en helstu hagsmunaaðilar eru seljendur og kaupendur vændis.

Helstu stofnanir réttarvörslukerfisins sem áformin varða eru lögregla, ákærvald og dómstólar. Þá varða breytingarnar einnig aðra sem koma að rekstri og rannsókn sakamála svo sem lögmenn.

Aðrir hagsmunaaðilar eru samtök sem standa vörð um þolendur ofbeldis, vændis og/eða mansals með einum eða öðrum hætti sem og hagsmunasamtök sem láta sig jafnréttismál varða.

**2. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta?**

Nei.

**3. Samráð sem þegar hefur farið fram.**

Óformlegt samráð við lögreglu hefur farið fram.

**4. Fyrirhugað samráð.**

Áform þessi verða lögð fram í samráðsgátt stjórnvalda þar sem öllum gefst færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri. Frumvarpsdrög verða birt í samráðsgátt þegar þau liggja fyrir. Við rýni frumvarpsdraga verður haft samráð við þá aðila sem nefndir eru í lið 1 eftir því sem tilefni er til.

**G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er**

**1. Niðurstaða frummati á áhrifum, sbr. fylgiskjal.**

Breytingarnar hafa ekki verið kostnaðarmetnar en það er þó gert ráð fyrir því að útgjaldaáhrif á ríkissjóð verði ekki teljandi. Við gerð frumvarps og nánari útfærslu verða fjárhagsleg áhrif metin með ítarlegum hætti.

**H. Næstu skref, innleiðing**

**1. Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina?**

Nei.

**2. Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar?**

Ekki er gert ráð fyrir því að sérstakan tíma þurfi til aðlögunar eða sérstakrar innleiðingaráætlunar sé þörf.

**3. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur?**

Til þess að lagasetningin hafi tilætluð áhrif varðandi eftirspurn eftir vænda þurfa helstu hagsmunaaðilar, sbr. lið 1 hér að ofan, að þekkja lagasetninguna. Þá þarf lögregla að vera samhæfð í rannsókn vændiskaupamála.

**4. Mælikvarðar á árangur og útkomu.**

Við vinnslu frumvarpsins verða settir mælikvarðar á árangur sem snerta fjölda mála á landsvísu og skráningu þeirra.

**5. Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur?**

Haldið er utan um fjölda vændiskaupamála í málaskrárkerfi lögreglu. Þá birtir Stígamót tölfræði yfir brotþola vændis sem leita til samtakanna. Hvorutveggja verður notað til að meta árangur.

**I. Annað**

**J. Fylgiskjöl**

**Frummat á áhrifum – vændiskaup.**